

Priðjudaginn 31. janúar 1950.

Nr. 160/1949. **Búkolla h/f** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Ágúst Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómi í máli þessu, uppkveðnum 26. júní 1948, skaut áfrýjandi upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1948, og var málið þingfest í Hæstarétti í nóvember s. á. Eftir að áfrýjandi hafði fengið málinu margsinnis frestað, sótti hann ekki þing, er málið var fyrir tekið í Hæstarétti þann 30. nóvember 1949, og gekk síðan útivistardómur í málinu. Nú hefur áfrýjandi skotið málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1949, en með því að hann hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis og áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936 var liðinn, er stefnan var gefin út, ber að vísa málinu ex officio frá Hæstarétti.

Stefndi hefur sótt þing í málinu og krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 300.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Búkolla h/f, greiði stefnda, Ágúst Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.
